

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mýrdalshrepps, nr. 905/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Vík í Mýrdal í þriðju viku hvers mánaðar. Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils ákveða nánar fundarstað og fundartíma reglulegra funda.

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fjarfundir.

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 6. apríl 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.